

Mál nr. 130/2012
M
og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar A

Drengur slasaðist þegar hann var að leik á hjólabrettarampi þ. 2.5.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-20
2. Bréf V dags. 13.4.2012 ásamt fylgiskjölum 1-6

Málsatvik.

Sjö ára drengur nemandi í skóla í A kaupstað slasaðist þegar hann var að leika sér í frímínútum á hjólabrettarampi sem var á skólalóðinni. M rann til á rampinum og datt á munninn og slasaðist. Í málskoti M segir að börnum í neðstu bekkjum grunnskólans hafi verið bannað að leika sér við rampinn þar sem þar höfðu orðið slys áður, en aðgangur að rampinum var ekki takmarkaður með neinum hætti. M segir að aðstæður á skólalóðinni með tilliti til hjólabrettarampans hafi verið ófullnægjandi og beri að meta það skólanum og þar með A kaupstað til sakar. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að hjólabrettarampurinn hafi verið staðsettur þar sem öll börn í grunnskólanum voru að leik allt frá 6 ára gömlum börnum. M segir að mörg slys hafi orðið á rampanum og hann hafi verið hættulegur ungum skólabörnum. M byggir telur að A kaupstaður hafi sýnt af sér saknæma og ólögmdæta háttsemi með því að hafa aðgengi að rampanum með þeim hætti sem um ræðir enda hafi það verið viðurkennt bæði í orði og verki að aðstæður á skólaóðinni hafi verið allsendis ófullnægjandi. Þá bendir M á að fasteignaeigendur og rekstraraðilar fasteigna þurfi að hafa aðgengi og öryggisráðstöfunum með tilliti til þess hvaða starfsemi er rekin í fasteigninni. M telur að að bótaskyldu sé að ræða á grundvelli sakarreglunnar og um alvarlega vanrækslu forsvarsmanna A kaupstaðar sé að ræða.

V hafnar bótaskyldu og segir að í umrætt sinn hafi M verið að hlaupa á rampi á lóð skólans og runnið í bleytu með þeim afleiðingum að hann slasaðist og fékk áverka á munnholi. V hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A og vísar í því sambandi til bréfs skólastjóra skóla þess sem um ræðir og hafnar því að í þeim ummælum felist viðurkenning á bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu vátryggingartaka. V mótmælir því að með því að færa umræddan rampa hafi í raun verið viðurkennd saknæm og ólögmdætt háttsemi af hálfu A. Þá vísar V til reglugerðar nr. 942/2002 um öryggi leiksvæða og sbr. 3.mgr. 11.gr. reglugerðarinnar liggi ekkert fyrir sem bendi til þess að leiksvæðið hafi af heilbrigðisnefnd A verið talið vanbúið og ekki í samræmi við kröfur sem settur séu fram í reglugerðinni. V telur því ósannað að leiksvæði það sem hér ræðir um hafi verið vanbúið. Þá vísar V til 1.mgr. 9.gr. áður nefndrar reglugerðar varðandi ástand leiktækja og bendir á að rampar eins og þeir sem hér ræðir um hafi fengið vottun og uppfylli kröfur sem settar eru fram í staðlaröð sem V vísar til og leggur fram. V telur því að rampinn hafi uppfyllt viðeigandi öryggiskröfur og sé í samræmi við kröfur sem settar eru fram í 1.mgr. 9.gr. ofangreindrar reglugerðar. Þá vísar V til þess að börn sem hefja nám í viðkomandi skóla fái í upphafi skólagöngu munnleg fyrirmæli um að þeim sé óheimilt að leika sér á römpunum nema þau séu á línuskautum eða hjólabretti ásamt því að vera með viðurkenndan öryggisbúnað. V telur því að ósannað sé að slys M verði rakið til vanbúnaðar eða skorts á öryggisráðstöfunum

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn hefur ekki verið sýnt fram á að umræddur hjólabrettarapur uppfylli ekki þá öryggisstaðla sem settir eru um leiktæki. Þá verður ekki séð að forráðamenn þess svæðis sem um ræðir, A kaupstaður, hafi brotið gegn ákvæðum reglna um frágang, leiktæki og öryggi á skólalóðum eða sýnt af sér atferli í þessu sambandi sem leiðir til sakar samkvæmt sakarreglu skaðabótaréttarins á forráðamenn A kaupstaðar þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Þegar af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 8.5. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.